Nei.

DAGBLAÐ Í RÍKI SJOPPUNNAR. nr. 4 SUN **19. okt.** 2008.

„BURT MEÐ DAVÍÐ!“ –„BURT MEÐ ALLA!“

Mótmæli fóru fram á Austurvelli í dag, eins og auglýst hafði verið, þar sem lögð var fram „sú sjálfsagða lágmarkskrafa“ að Davíð Oddsson segi af sér. Mótmælin fóru svo friðsamlega fram að varla var nokkur lögreglumaður sjáanlegur, en eftirlitsmyndavél á horni byggingar Landsbankans við völlinn var öll á iði. Flest mótmælaspjöld voru kurteislega orðuð og prentuð í Times New Roman. Hópur anarkista hafði sig þó nokkuð í frammi og hrópaði vígorð á skjön við þau sem annars var hvatt til – þegar almennir mótmælendur hrópuðu „Davíð burt!“ svöruðu anarkistarnir: „Allir burt!“. Hörður Torfason minnti mótmælendur á, með silkiröddu, að nú væri tími til að vera reiður. Þorvaldur Gylfason hagfræðingur var síðasti ræðumaður mótmælanna. Ungur fræðimaður hrópaði „Kapítalisti!“ að Þorvaldi þegar hann hóf mál sitt, sem fjallaði meðal annars um nauðsyn þess að Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn endurskoði rekstur landsins. Ýmsir báru sig upp að unga fræðimanninum til að biðja hann að vera rólegan – mátti þannig sjá hefðbundna fagurfræðilega árekstra, stílíska spennu og málefnalega árekstra innan hóps mótmælenda. Mótmælin sneru öll að skrifstofubyggingu Landsbankans en ekki að þinghúsinu – á hvorugum staðnum virtist svosem vera neinn til svars eða viðnáms. Visir.is segir „talið“ að nokkur hundruð manns hafi safnast saman til mótmælanna, Jenný Anna mogga-bloggari taldi 2.500 en segist hafa verið í sykursýkikasti. Kolfinna Baldvinsdóttir sagði 4 þúsund manns saman komin, mbl.is segir 500 – Nei. telur nokkuð öruggt að skjóta á um eitt þúsund mótmælendur. Moggabloggarar hafa þegar gefið mótmælendunum einkunn og spyrja hvort þetta fólk þurfi ekki að vinna. Nei. spyr: hvernig geta þessir moggabloggarar unnið svona mikið, hafa þeir engu að mótmæla? (En í alvörunni: Hvernig getið þið unnið svona mikið? Hafið þið engu að mótmæla!?)

Ljósmynd: Helgi J. Hauksson

HARPA MINNINGANNA

Hver mælti og á hvaða vettvangi: **„Upphaflega stóð til að selja mörgum hópum hlut í [XXX]-bankanum og átti að vera mikill heiður að fá að vera á meðal þeirra sem fengju að kaupa. En fyrir okkur sem kjölfestufjárfesta hentaði það ekki, - við erum annars konar skepna.“**

Mótmælunum verður fram haldið eftir viku, að því gefnu væntanlega að Davíð Oddsson hafi þá ekki verið vikið úr sæti. Vefur skipuleggjenda er á **nyirtimar.com**.

ÁFRAM SMJÖR! HRAÐAR!

Haldin í Háskólabíói kl. 11-14 í dag. Forsetinn, íþróttaálfurinn, Björk, Guðjón „galdrakarlinn í Oz“ og tveir guðfræðingar voru boðaðir á fund með „ungu jákvæðu fólki“ til að móta stefnu nýs Íslands. Bryndís Björgvinsdóttir var á staðnum og lýsti uppákomunni svona:

„Ekkert sem kalla mætti „nýtt“ kom fram hjá fyrirlesurum, þó svo orðið sjálft hafi oft verið notað. Magnús Scheving hoppaði um segjandi „útrás!“ og útskýrði síðan nýlega þróun íslenska hagkerfisins á þann veginn að „íþróttaálfurinn hefði bara stökkið of hátt!“ og þá hló salurinn og klappaði af miklum móð – enda setinn af Íslendingum sem samkvæmt flestum fyrirlesurum eru „rosalega dugleg þjóð“. Það var þó ekki fyrr en Guðjón nefndi IKEA og Nike sem dæmi um tvö frábær og jákvæð fyrirtæki sem Íslendingar ættu nú að taka sér til fyrirmyndar – og enginn leiðrétti hann – sem ég uppgötvaði að fundurinn væri froðubað, og hugsaði: Bíddu, hvaða ár hætti Guðjón hjá Oz að fylgjast með þróun mála hjá IKEA og Nike?“

GEÐ OG VEÐ

Tveir ólíkir kvittir ganga um samband geðheilsu og yfirvofandi kreppu. Þann fyrri hefur landlæknisembættið nú hrakið með fréttatilkynningu: sjálfsmorðum hefur ekki snarfjölgað síðustu þrjár vikur. Hinn kvitturinn er sá að snarlega hafi létt yfir ýmsum vistmönnum á geðdeildum við hrun bankanna, og sumum sé nær því batnað í kjölfarið. Fylgir sögunni að menn hafi beinlínis lagst inn undan einræði orðræðunnar sem sé nú fallin. Hvað sem líði komandi ömurð, slátri, velling og ávöxtum í dós, fái sumir þó vitið aftur. Þessi saga hefur enn ekki verið hrakin af landlækni.

Nei.

GÆSLAN Nú er að hefjast **fjórða vika frá þjóðnýtingu** og ástandið er svona: Fjölmiðlar og stjórnarandstaða gefa Geir H. Haarde vinnufrið enda segist Geir vera að vinna vinnuna sína. Hann hefur um tvennt að velja: Að borga visa með euro, og borga svo euro með skattheimtu (**allir verða þrælar ríkisins – rússneska leiðin** sem Davíð lofaði upp í ermina á sér). Eða: að borga visa með euro og borga svo euro með því að fella niður velferðarkerfið (IMF-leiðin, þá verður **þorri landsmanna að þrælum „einkaaðila“**). Þriðji kosturinn er varla með: að borga ekki, segja sig úr samfélagi þjóðanna en reyna að landa samningi við Kúbu um innflutning á sykri og appelsínum og **kaffi frá Venezúela**. Þetta er okkur sagt að muni allt skýrast eftir helgi.

VEÐRIÐ SVIPAÐ Í DAG OG Í GÆR. EINAR ÁSKELL Á FORSÍÐUM, HUGUR LEITAR HLJÓÐRA NÁTTA, HVAR ERU ORÐIN?

dagbladidnei.blogspot.com
Ritstjóri: Haukur Már Helgason.
dagbladidNei@gmail.com